

## ***Búningsklefajærni 6 ára barna.***

Af ýmsu er að huga þegar barn byrjar grunnskólagöngu. Góð byrjun eykur líkur á því að barninu farnist vel öll grunnskólaárin. Jákvætt viðhorf þess til nemandahlutverksins og skólagöngunnar er sá þáttur sem líklega vegur hvað þungst bæði til lengri og skemmri tíma. Það kemur einna helst í hlut foreldra og forráðamanna að ræða við barnið um skólann, skólagönguna og mikilvægi náms. Umræða við barnið um þætti eins og stundvísi, mikilvægi þess að sýna kurteisi, koma vel fram við aðra krakka í skólanum og hlíta fyrir mælum er líklegt til að skila sér í farælum samskiptum barnsins við önnur börn og starfsmenn skólans.

Hluti af grunnskólagöngu eru íþróttir (leikfimi) og sundkennsla. Grunnskólabörn eru nú í fyrsta sinn að fara í búningsklefa íþróttar- og sundstaða án þess að njóta aðstoðar foreldra eða eldri systkina. Margir foreldrar notuðu sumarið sem leið til að þjálfra barnið sitt og kenna því að bjarga sér sem best við þessar aðstæður. Það gerður þeir með því að leyfa því að spreyta sig sjálfst undir handleiðslu þar til að viðunandi færni var náð.

Barn sem ekki hefur fengið neina kennslu um hvernig það ber sig að í búningsklefanum gæti fundið fyrir kvíða og örvæntingu þegar komið er inn í búningsklefann hvort heldur það er á leið í skólasund eða íþróttir. Starfsfólk sund- og íþróttahúsa sem fær til sín stóran hóp af ósjálfbjarga börnum annar oft ekki að aðstoða alla svo vel sé t.d. opna og loka skápnum, aðstoða við að klæða sig úr fötum og í sundfötin, þurrka sér nógu vel og halda eigum sínum til haga svo ekkert gleymist.

Á fyrstu önn grunnskólagöngu er mikill kostur fyrir barnið að læra að verða sem mest sjálfbjarga í einu og öðru sem lýtur að þeim sjálfum. Að vera sem mest óháður öðrum með praktíska hluti sem þessa færir börnum aukið sjálfstraust og þar með góða líðan.